

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur, Auði Thorberg Jónasdóttur, Áslaugu I. Kristjánsdóttur, Konráð Gylfasyni, Ólafi Gesti Rafnssyni, Óskari Magnússyni og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Stefán Magnússon.

Starfsreglur um kirkjuþing nr. 10/2021-2022.

1. gr.

3. gr. breytist eftirfarandi:

a. Í stað orðsins „framkvæmdanefnd“ í 3. mgr. kemur: forsætisnefnd

b. Á eftir 3. mgr. komi ný 4. mgr. svohljóðandi:

Meirihluti forsætisnefndar kirkjuþings ritar firmað Þjóðkirkjan.

c. Á eftir 4. mgr. komi ný 5. mgr. svohljóðandi:

Forsætisnefnd annast ráðningu framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og starfslok og setur honum starfslýsingu. Ber hann ábyrgð á daglegum rekstri Þjóðkirkjunnar. Skal hann rita firmað og hafa prókúruheimild ásamt þeim öðrum starfsmönnum sem veitt verður slík heimild.

d. Núverandi 5. mgr. verður 6. mgr., 6. mgr. verður 7. mgr. og 7. mgr. verður 8. mgr.

e. Fyrirsögn ákvæðisins verður: *Forseti kirkjuþings og forsætisnefnd*

2. gr.

4. gr. orðast svo:

Eftirlitsnefnd kirkjuþings.

Eftirlitsnefnd kirkjuþings er skipuð formönnum allsherjar-, fjárhags- og löggjafarnefndar, sbr. 10. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022. Nefndin hefur eftirlit með ársfjórðungslegum uppgjörum Þjóðkirkjunnar og fjallar um athugasemdir sem fram kunna að koma í tengslum við endurskoðun ársreiknings Þjóðkirkjunnar. Nefndin veitir forsætisnefnd álit sitt. Nefndin starfar í umboði þingsins. Nefndin skal að jafnaði hittast ársfjórðungslega.

Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022.

3. gr.

2. másl. 2. mgr. 11. gr. fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 12. gr. fellur brott.

5. gr.

Í stað orðanna „skýrslur framkvæmdanefndar Þjóðkirkjunnar og“ í 2. mgr. 13. gr. komi: ársskýrsla þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar og skýrsla

6. gr.

Í stað orðanna „ og framkvæmdanefndar Þjóðkirkjunnar “ í 1. mgr. 30. gr. komi: framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.

Starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022

7. gr.

2. mgr. 2. gr. orðast svo: Greiðslur af fjárheimild skv. 1. mgr. eru ákvarðaðar af framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.

8. gr.

1. másl. 1. mgr. 4. gr. orðast svo: Framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar undirbýr fjárhagsáætlun kirkjunnar með gerð tillagna að fjárhagsáætlun.

9. gr.

Í stað orðsins „framkvæmdanefnd“ í 4. mgr. 10. gr. komi: Framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar

10. gr.

Í stað orðsins „framkvæmdanefnd“ í 2. másl. 2 mgr. 12. gr. komi: framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar

11. gr.

13. gr. orðast svo:

Starfsfólk og ráðningarsamningar

Nýja ráðningarsamninga skal gera við vígða þjóna Þjóðkirkjunnar þ.e. presta og djákna. a) vegna nýráðningar b) vegna flutnings í starfi.

Í ráðningarsamningi skal geta m.a. um launakjör, skyldur og ábyrgð samningsaðila og ráðningartíma. Umræddir starfsmenn fá greitt samkvæmt kjarasamningi. Fyrir hönd Þjóðkirkjunnar undirrita ráðningarsamninginn biskup Íslands sem ber ábyrgð á faglegri ráðningu vígðra þjóna og framkvæmdastjóri rekstrarstofu sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfskjörum.

Vegna starfsfólks þjónustumiðstöðvar hefur biskup Íslands ráðningarvald á starfsfólki biskupsstofu í samræmi við skipurit og þá fjárveitingu sem kirkjuþing hefur samþykkt vegna biskupsstofu. Vegna rekstrarstofu hefur framkvæmdastjóri hennar ráðningarvald á starfsfólki

rekstrarstofu einnig samkvæmt skipuriti og fjárveitingu. Greiðsla launa til launþega er háð því að gerður hafi verið löglegur ráðningasamningur samkvæmt starfsreglum. Kirkjuþing ákveður fjárheimildir vegna launa og reksturs þjónustumiðstöðvar og allra annarra skipulagseininga hjá Þjóðkirkjunni.

Starfsreglur um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar nr. 56/2021-2022.

12. gr.

1. másl. 1. mgr. 5. gr. orðast svo: Ársskýrsla þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar skal lögð fram sameiginlega af biskupi Íslands og framkvæmdastjóra rekstrarstofu á kirkjuþingi að hausti, þar sem gerð er grein fyrir starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar.

Gildistaka.

13. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Tillögum þessum er ætlað að skýra betur og einfalda fyrirkomulag fjárstjórnar kirkjunnar og færa það nær því sem almennt tíðkast í rekstri. Er þá litið til þess að aðgreina og styrkja eftirlit með rekstrinum og auka upplýsingagjöf til kirkjuþings.

Lagt er til að stofnuð verði eftirlitsnefnd, í stað framkvæmdanefndar, sem hafi eftirlit með fjárhag kirkjunnar með því að fara annars vegar yfir ársfjórðungsleg uppgjör Þjóðkirkjunnar og hins vegar að fjalla um athugasemdir sem fram kunna að koma í tengslum við endurskoðun ársreiknings Þjóðkirkjunnar. Nefndin geri forsætisnefnd, f.h. kirkjuþings, grein fyrir athugun sinni. Nefnd þessi hafi ekki rekstrarleg verkefni með höndum. Nefndin sé mynduð af formönnum fastanefnda kirkjuþings, sbr. 10. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022, þ.e. öðrum en kjörbréfanefnd. Forsætisnefnd geri kirkjuþingi grein fyrir skýrslum eftirlitsnefndar eftir því sem tilefni þykir til. Skýrslurnar verða auk þess birtar kirkjuþingsfulltrúum á lokuðu heimasvæði kirkjuþings á netinu. Talið er nægilegt að eftirlitsnefnd kirkjuþings hittist að jafnaði ársfjórðungslega til að sinna skyldum sínum.

Lagt er til að framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar fái meiri ábyrgð á stjórnun daglegs rekstrar. Kirkjuþing veiti honum umboð til ritunar firma og prókúruumboð með starfsreglum sem forsætisnefnd þingsins fylgir eftir. Þá er lagt til að forsætisnefnd takist á hendur, f.h. kirkjuþings, að annast ráðningarmál framkvæmdastjóra rekstrarstofu þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing ber ábyrgð á fjármálum Þjóðkirkjunnar, sbr. ákvæði laga um þjóðkirkjuna, nr. 77/2021. Framkvæmdastjóra rekstrarstofu hefur verið falið að fara með ábyrgð á daglegum rekstri þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar.

Flutningsmenn telja, m.a. með hliðsjón af því, að rétt sé að setja starfsreglur um ráðningar starfsmanna Þjóðkirkjunnar, vígðra jafnt sem leikra og að skýrt sé hvaða ráðningarheimildir biskup hefur annars vegar og framkvæmdastjóri rekstrarstofu hins vegar.

Lagt er til að greiðsla launa til starfsmanna Þjóðkirkjunnar verði ávallt háð því að gerður hafi verið löglegur ráðningarsamningur, samkvæmt starfsreglum, en launakostnaður Þjóðkirkjunnar er á bilinu 75 – 80% af árlegum útgjöldum hennar. Þá er tekið fram að kirkjuþing ákveði fjárheimildir vegna launa og reksturs þjónustumiðstöðvar og annarra skipulagseininga hjá Þjóðkirkjunni. Flutningsmenn sjá fyrir sér að fyrir hvert almanaksár sé gerð mannahaldsáætlun sem stýri þannig ráðningarmálum og launakostnaði. Slíka áætlun má enn fremur gera til lengri tíma.

Fyrir liggur sameiginleg yfirlýsing forseta kirkjuþings og biskups Íslands, sem gerð var í framhaldi af undirritun viðbótarsamnings Þjóðkirkjunnar og ríkisins árið 2019, þess efnis að starfsfólki kirkjunnar yrði ekki fækkað vegna samningsgerðarinnar. Tillögum þessum er ekki ætlað að víkja frá því markmiði. Þeir prestar, sem eru enn með skipun til tiltekins prestsembættis, á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, halda réttindum sínum óröskuðum uns skipunartími rennur út en eftir það tekur við ráðning samkvæmt ráðningarsamningi. Þeir sem eru skipaðir ótímabundið halda réttindum sínum, en lagt er til að komi til flutnings í starfi verði þó að gera ráðningarsamning við hlutaðeigandi prest.

Um einstök ákvæði tillögunnar

Um 1. gr.

a. Lagt er til að forseti kirkjuþings hafi eftirleiðis samráð við forsætisnefnd hvað varðar eftirfylgd með ákvörðunum kirkjuþings, í stað framkvæmdanefndar.

b. Forsætisnefnd, þ.e. meirihluti hennar riti firmað Þjóðkirkjan í stað framkvæmdanefndar. Verði skotið inn nýrri 4. mgr. sem kveður á um þetta.

c. Lagt er til að forsætisnefnd kirkjuþings ráði framkvæmdastjóra rekstrarstofu og að skotið verði inn nýrri 5. mgr. sem kveður á um þetta. Um ráðningu framkvæmdastjóra rekstrarstofu þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar er nú fjallað í 5. gr. erindisbréfs framkvæmdanefndar.

d. Vegna nýrrar 4. mgr. og 5. mgr. sem að framan greinir færast núverandi 4., 5. og 6. mgr. niður eins og greinir í ákvæðinu.

e. Rétt þykir að leggja til að fyrirsögn ákvæðisins verði breytt til samræmis við efni þess þannig að einnig sé getið um forsætisnefnd.

Um 2. gr.

Lagt er til að 4. gr. starfsreglnanna breytist á þann hátt að í stað framkvæmdanefndar komi eftirlitsnefnd, sem hefur eftirlit með rekstri Þjóðkirkjunnar. Nefndin fari yfir ársfjórðungsleg uppgjör og fjalli um athugasemdir sem fram kunna að koma í árlegri endurskoðunarskýrslu vegna Þjóðkirkjunnar. Lagt er til að nefndin skili forsætisnefnd álit sínu á hverju ársfjórðungslegu uppgjöri svo og endurskoðunarskýrslu. Til að tryggja góð tengsl við fastanefndir kirkjuþings og til einföldunar skipi formenn fastanefndanna eftirlitsnefndina sjálfkrafa.

Um 3. gr. og 4. gr.

Með niðurlagningu framkvæmdanefndar kirkjuþings er lagt til að fella ákvæði þessi brott.

Um 5. gr.

Vísað er til umfjöllunar um 12. gr. tillagna þessara sem kveða á um að ársskýrsla þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar skuli lögð fram sameiginlega af biskupi Íslands og framkvæmdastjóra rekstrarstofu á kirkjuþingi að hausti, þar sem gerð sé grein fyrir starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar.

Um 6. gr.

Lagt er til að unnt verði að beina fyrirspurnum í fyrirspurnatíma kirkjuþings til framkvæmdastjóra rekstrarstofu, sem kemur þá í stað framkvæmdanefndar.

Um 7. gr. – 10. gr.

Með vísun til almennra athugasemda hér að framan eru þær breytingar lagðar til sem í ákvæðum þessum greinir og þarfnast þær ekki frekari skýringa.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gerð ráðningarsamninga við starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar og skilgreint hver beri ábyrgð á ráðningum fjárheimildum vegna mannahalds. Til nánari útskýringa er vísað til almennra athugasemda í greinargerðinni hér að framan.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að ársskýrsla þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar sem sameiginlega unnin biskupi Íslands og framkvæmdastjóra rekstrarstofu þjónustumiðstöðvar enda um einn lögaðila að ræða.

Um 13. gr.

Lagt er til að tillögur þessar taki gildi við birtingu.